

# Tóbaksvarnir á Landspítala

## Stefna

Landspítali fylgir stefnu heilbrigðisyfirvalda um tóbaksvarnir. Markmiðið er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Allir eiga rétt á að anda að sér reyklausu lofti.

Landspítali leggur áherslu á tóbakslaust umhverfi; innanhúss, við innganga og á lóð sjúkrahússins þannig að hver sem kemur þangað til meðferðar, þar starfar eða er við nám, fái notið hreins og ómengaðs lofts og umhverfis.

Starfsfólk Landspítala veitir sjúklingum fræðslu og stuðning til að hætta að nota tóbak. Við útskrift af sjúkrahúsinu er kynnt hvaða aðstoð stendur til boða til að viðhalda tóbaksleysi. Lögð er áhersla á heilbræna meðferð þar sem leitast er við að auka lífsgæði, efla heilbrigði og virða réttindi fólks. Áhersla er lögð á samfellu í allri meðferð, eftirmeðferð og endurkomu með gagnkvæmri upplýsingamiðlun sjúklings, aðstandenda og heilbrigðisstarfsfólks.

## Tilgangur

- Vernda sjúklinga, gesti og starfsfólk fyrir þeirri áhættu sem felst í notkun tóbaks
- Fylgja stefnu Landspítala um að vera í fremstu röð með öryggi sjúklinga í öndvegi
- Vera góður vinnustaður
- Virða lög um tóbaksvarnir

## Skilgreiningar

**Tóbak** - Með tóbaki er átt við varning sem að öllu eða einhverju leyti er unninn úr tóbaksjurtum svo sem sigarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak. Rafrettur falla einnig hér undir.

**Sjúklingar** - Allir sem koma í meðferð á Landspítala, innlagðir eða á dag- eða göngudeildir.

**Starfsfólk** - Allir sem starfa, eru í námi eða sinna kennslu eða öðrum verkefnum.

**Gestir** - Allir sem heimsækja Landspítala, fjölskyldur sjúklinga og aðrir gestir.

## Stefnumiðuð atriði

- ❑ Tóbaksnotkun skaðar heilsu fólks. Í og við húsakynni Landspítala er óleyfilegt að nota hvers kyns tóbak eða halda á logandi sigarettu, vindli, pípu eða öðrum hlutum sem valda tóbaksreyk
- ❑ Fólk sem reykir verður beðið um að flytja sig á sérstaklega merkt svæði utan bygginga sjúkrahússins
- ❑ Starfsmanni, sem hefur verið upplýstur um reglur Landspítala um tóbaksvarnir og lög um tóbaksvarnir, ber að fara eftir þeim
- ❑ Landspítali leggur áherslu á að hindra notkun tóbaks í öllum byggingum og á lóð sjúkrahússins og styður einnig tóbaksvarnir utan þess
- ❑ Upplýsingar sem hér koma fram skulu vera aðgengilegar á heimasíðu og í byggingum Landspítala
- ❑ Það er á ábyrgð alls starfsfólks Landspítala að framfylgja stefnu og lögum um tóbaksvarnir. Sérhverjum starfsmanni ber, á kurteislegan hátt, að upplýsa fólk sem virðir ekki þessi atriði

## Framkvæmd

- ❑ Sjúklingar sem skráðir eru í rannsókn eða meðferð fá kynningu á reglum Landspítala í tóbaksvörnum. Meðferðar- og umönnunaraðilar bera ábyrgð á að bjóða sjúklingum, sem nota tóbak, meðferð. Innlagðir sjúklingar verða metnir með tilliti til fráhrarfseinkenna. Sjá, einnig: [Klínískar leiðbeiningar um meðferð við reykingum](#) frá Embætti Landlæknis. Nánari upplýsingar um lífstílsbreytingar má finna á [www.frjals.is](http://www.frjals.is)
- ❑ Sjúklingar sem koma í valaðgerð á Landspítala geta fengið aðstoð við að hætta að reykja hjá Ráðgjöf í reykbindindi. Læknar og innköllunarstjórar skurðlækningasviðs geta bent sjúklingum á þennan kost. Auk þess er bent á mikilvægi þess að hætta að reykja fyrir skurðaðgerð og þjónustu Ráðgjafar í reykbindindi í fræðsluefni sem sjúklingar skurðlækningasviðs fá sent fyrir aðgerð
- ❑ Starfsfólk Landspítala er hvatt til að viðhalda heilbrigðum lífsstíl og vera fyrirmynd heilbrigðis í samfélaginu og hefur því ekki leyfi til að nota tóbak í starfi sínu. Öllu starfsfólki sem notar tóbak er ráðlagt að leita sér aðstoðar til að hætta tóbaksnotkun
- ❑ Noti starfsfólk tóbak skal sú notkun fara fram utan bygginga og lóða Landspítala. Starfsfólki ber að sýna þeim sem búa í nágrenni við sjúkrahúsið tillitssemi. Starfsfólk má ekki reykja í vinnuklæðnaði. Ef starfsmaður á í erfiðleikum með að virða tóbakslaust umhverfi, ber yfirmanni að minna á stefnu og reglur Landspítala og veita upplýsingar um leiðir til að hætta að nota tóbak
- ❑ Gert ráð fyrir að allt starfsfólk taki þátt í að fara eftir reglum um tóbaksvarnir. Starfsfólki er ætlað og hefur heimild til að biðja sjúklinga og gesti að hætta tóbaksnotkun á og við Landspítala

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Landspítali, apríl 2016